

82. fundur Atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn mánudaginn 25. mars 2013 kl. 17 í Ráðhúsinu í Stykkishólmi.

Mætt eru: Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri, Egill Egilsson, Þorsteinn Sigurðsson, Magnús Bæringsson og Ólafur Guðmundsson.

Dagskrá:

1. Stöðuskýrsla um Stykkishólm

Ólafur Sveinsson og Vífill Karlsson hjá SSV kynntu stöðuskýrslu um Stykkishólm á fundi með atvinnumálanefnd fimmtudaginn 21. mars sl. Í skýrslunni komu fram upplýsingar um íbúáþróun og aldurssamsetningu sem gagnlegt er að rýna í. Umræða varð um húsnæðismál í Stykkishólmi en mjög erfitt er að fá leiguhúsnæði í sveitarfélaginu. Atvinnumálanefnd leggur til að eftirspurn eftir leiguhúsnæði verði metin og útfrá því verði hægt að meta þörf á nýbyggingum. Einnig leggur nefndin til að leitað verði til verktaka í byggingariðnaði til að kanna áhuga þeirra á byggingu íbúðarhúsnæðis til útleigu.

2. Erindi frá Innovit varðandi atvinnu og nýsköpunarhelgi. Framlagt. Atvinnumálanefnd þakkar bréfitara erindið en leggur til að Stykkishólmsbær taki ekki þátt að sinni en bendir á möguleika á að halda Atvinnu – og nýsköpunarhelgi á Snæfellsnesi, með sameiginlegri þátttöku sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.

3. Önnur mál

Opinber störf í Stykkishólmi. Atvinnumálanefnd leggur áherslu á að staðið sé vörð um opinber störf í Stykkishólmi og hagsmuni sveitarfélagsins gagnvart ríkissjóði. Atvinnumálanefnd hefur ákveðið að óska eftir fundi eftir alþingiskosningar með nýkjörnum þingmönnum NV-kjördæmis.

Fundi slitið kl. 19:08.

Fundargerð ritaði: Gyða Steinsdóttir

Egill Egilsson (sign),

Ólafur Guðmundsson (sign)

Þorsteinn Sigurðsson (sign)

Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri (sign)

Magnús Bæringsson (sign).

